## Sþ. 528. Skýrsla

iðnaðarráðherra um stofnkostnað, rekstrarafkomu og framtíðaráætlanir Sjóefnavinnslu á Reykjanesi (skv. beiðni á þskj. 139).

Beiðni um skýrslu

frá iðnaðarráðherra um stofnkostnað, rekstrarafkomu og framtíðaráætlanir Sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Kristínu Halldórsdóttur, Eiði Guðnasyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðmundi Einarssyni, Ellert B. Schram, Geir Gunnarssyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni og Karvel Pálmasyni.

## Svar:

Upphaflega var talið að auðvelt væri að vinna að uppbyggingu Sjóefnavinnslunnar í áföngum. Talið var að 8 þús. tonna áfanginn mundi geta staðið undir breytilegum framleiðslukostnaði, þannig að sannreyna mætti markaðslegar forsendur fyrirtækisins með þeim áfanga. Nú er aftur á móti ljóst að tæknilegar forsendur eru verulega breyttar og að kostnaður við 8 þús. tonna áfangann er mun meiri en áætlað var í upphafi. Auk þess mundi rekstur 8 þús. tonna áfangans ekki standa undir breytilegum kostnaði og þar með engu skila upp í afskriftir og vexti. Ein meginástæða þessa er sú að afköst úr saltpönnum eru innan við helming af því sem áætlað var að næðist miðað við kröfur markaðarins um kornastærð o. fl. Miðað við upphaflegar forsendur eru tæknileg vandamál enn óleyst varðandi framleiðslu á fisksalti, einkum hvað snertir samspil afkasta, kornastærðar og styrkleika saltkristalla. Sjóefnavinnslan hf. og ráðgjafar fyrirtækisins hafa lagt til að lokið verði við 8 þús. tonna áfangann a. m. k. og að svokallaðri fínsaltsdeild yrði bætt við upp úr því til að bæta rekstrargrundvöll fyrirtækisins.

Með hliðsjón af lögum um Sjóefnavinnsluna hf. frá maí 1981, og með hliðsjón af skýrslu um 8 þús. tonna saltvinnslu frá febrúar 1981, álítur Iðnaðarráðuneytið að hér sé um að ræða mjög svo breyttar forsendur varðandi uppbyggingu fyrirtækisins og skuldbindingar hins opinbera þar að lútandi. Ráðuneytið hefur komizt að þeirri niðurstöðu að forsendur þessa fyrirtækis hafi verið vafasamar frá upphafi og hafi auk þess veikzt með tímanum. Helztu atriði í þessu sambandi eru eftirfarandi:

### 1. Söluhorfur.

Horfur um saltsölu frá fyrirtækinu hafa versnað af þremur ástæðum:

a) Fyrirsjáanlegt er að innlend saltnotkun verður minni en áætlað var.
b) Markaðshlutdeild innlends salts verður aldrei 100% eins og áætlað var, vegna samkeppni frá innfluttu salti.
c) Verð á innfluttu salti, sem er viðmiðun varðandi arðsemi sjóefnavinnslu, hefur lækkað upp á síðkastið, m. a. vegna samkeppni innlendu skipafélaganna. Vonir um afgerandi hærra verð fyrir Reykjanessalt hafa ekki rætzt. (Verð á salti frá verksmiðjunni er nú kr. 2600 pr. t. en eimsalt mun selt á kr. 2250 pr. t. í Hafnarfirði og kr. 2580 pr. t. á Akureyri. Hjá Saltsölunni hf. mun gilda eitt verð fyrir allt landið, þ. e. kr. 2490 pr. t.)

## 2. Aukaafurðir.

Áætlað var að sala á aukaafurðum, kalsíumklóríði o. fl., mundi standa undir meira en helmingi heildartekna fyrirtækisins. Sala þessara efna á erlenda markaði á viðunandi skilaverði er mikilli óvissu undirorpin. Ekkert hefur komið fram sem dregur úr þeirri óvissu sem þetta hefur í för með sér um afkomu fyrirtækisins.

## 3. Fjármögnun og arðsemi.

Fjármögnun rannsókna- og þróunarstarfs með lánsfé er ætíð varhugaverð. Dollaralán hafa reynzt fyrirtækinu erfið og hækkun raunvaxta á innlendum og erlendum lánamörkuðum leiðir óhjákvæmilega af sér mun hærri kröfur um arðgjöf. Í þessu tilliti hafa forsendur breytzt nokkuð síðan unnið var að frumvarpi um sjóefnavinnslu 1980—1981. Þó má segja að upphaflega áætluð arðsemi upp á um 7% hafi ætíð verið óviðunandi, jafnvel þó að allt færi samkvæmt áætlun. Sjóefnavinnslan hf. hefur nýlega áætlað arðsemi viðbótarfjárfestingar til lúkningar 40 þús. tonna áfanga um 7% en 5% af heildarfjárfestingu. Slík niðurstaða byggist á þeirri forsendu að öll framleiðslan seljist og á viðunandi verði. Þessar niðurstöður eru því með öllu óviðunandi með tilliti til óvissu í markaðsmálum og raunvaxta upp á 8—10%.

## 4. Hlutafé.

Upphaflega var gert ráð fyrir að a. m. k. 25% hlutafjárframlaga kæmu frá öðrum aðilum en ríkinu. Hlutur annarra er nú aðeins um 13% en auk þess hefur hlutfall hlutafjár og lána farið hríðversnandi. Eftir á að hyggja virðist það hafa verið misráðið og óraunhæft að stofna hlutafélag um tilraunastarfsemi af þessu tagi, þar sem ábyrgð ríkisins er í raun ótakmörkuð.

## 5. Stærð fjárfestingar.

Nú eru komnar um 350 m. kr. í þetta verkefni, en áætlun fyrir 40 þús. tonna verksmiðju hljóðar upp á um 750 m. kr. Kostnaður við 8 þús. tonna áfangann er nú kominn u. þ. b. 80% fram úr upphaflegri áætlun á föstu verðlagi. Endanlegur kostnaður við 40 þús. tonna verksmiðju gæti því farið langt fram úr 750 m. kr., en sú upphæð samsvarar upphaflegum áætlunum. Þróunarverkefni af þessari stærð, þar sem ábatavon er eins lítil og hér um ræðir og í því fjársvelti sem á Íslandi ríkir, er að mati ráðuneytisins með öllu óréttlætanlegt. Áframhaldandi fjárveitingar og lántökur ríkisins til þessa verkefnis fælu í sér mismunun gagnvart öðrum aðilum í landinu sem vinna að rannsókna- og þróunarstarfi við knappan kost.

## Niðurstöður.

Ákvörðun iðnaðarráðherra um að hætta frekari þátttöku ríkisins í tilraunum með saltvinnslu úr jarðsjó að svo stöddu byggist á framangreindri endurskoðun Iðnaðarráðuneytisins á forsendum málsins, þar sem m. a. hefur verið höfð hliðsjón af skýrslu Iðntæknistofnunar (fskj. I) og upplýsingum frá Sjóefnavinnslunni hf. (fskj. II). Varðandi samanburð á upprunalegum áætlunum og skýrslu iðnaðarráðherra frá 1982 við raunverulegan stofnkostnað og rekstrarafkomu og upplýsingar um sundurliðun stofnkostnaðar og rekstrar ásamt arðsemismati vísast til fskj. II. Ráðuneytið mun útvega þeim þingmönnum er þess óska skýrslu Iðntæknistofnunar Íslands.

Núverandi staða er sú, að fyrirtækið er að stöðvast því að rekstrarfé þrýtur í marz. Ríkissjóður, sem eigandi 87% hlutafjár og ábyrgðaraðili á öllum skuldum, verður að taka

ákvörðun um hvað gera skuli. Verði ákveðið að halda áfram og lokið við 8 þús. tonna áfangann þarf um 50 m. kr. framlag til fyrirtækisins á þessu ári til viðbótar við um 35 m. kr. afborganir og vexti, sem munu falla á fyrirtækið á árinu í öllu falli. Iðnaðarráðherra hyggst ekki leggja það til.

Verði ákveðið að hætta við byggingu verksmiðjunnar, fyrir fullt og allt eða um tíma, kostar það fyrirtækið 6—8 m. kr. á ári að gæta eignanna (kostnaður er þetta hár vegna öryggissjónarmiða). Til greina kemur að semja við aðra aðila um eignavörzluna fyrir lægra verð.

**Fylgiskjal I.**

IÐNTÆKNISTOFNUN
ÍSLANDS

„Sjóefnavinnslan hf. á Reykjanesi — könnun ITÍ.“

September 1984.

## Inngangur.

Iðnaðarráðherra fól Iðntæknistofnun að framkvæma athugun á rekstri og framtíðarmöguleikum Sjóefnavinnslunnar á Reykjanesi með bréfi dagsettu 24. apríl 1984. Lögð var áherzla á að verkinu yrði hraðað og voru fyrstu niðurstöður kynntar iðnaðarráðherra með bréfum um miðjan júlí og í byrjun september.

Þegar í upphafi tókst góð samvinna við forráðamenn Sjóefnavinnslunnar og starfsmenn fyrirtækisins. Einkum var haft samband við eftirtalda menn:

Guðmund Einarsson stjórnarformann SEV,
Finnboga Björnsson framkvæmdastjóra SEV,
Baldur Líndal hönnunarstjóra,
Heimi Hannesson endurskoðanda,
Gunnar Häsler verksmiðjustjóra.

Auk þess hefur verið rætt við helztu hönnuði verksmiðjunnar, innflytjendur salts, Áburðarverksmiðju, Vegagerð og ýmsa erlenda aðila, sem verzla með salt. Síðast nefndu samskiptin hafa þó orðið minni en ástæða er til vegna tímaskorts.

Gögn um saltvinnslu hérlendis eru orðin mikil að vöxtum. Þau gögn, sem Iðntæknistofnun hefur undir höndum um málið, nálgast 3000 vélritaðar blaðsíður. Var alltímafrekt að ná þessum pappírum saman og yfirfara.

Auk þeirra gagna, sem fyrir lágu, voru sendar skriflegar fyrirspurnir til forráðamanna Sjóefnavinnslunnar hf. og haldnir með þeim fundir. Verksmiðjan á Reykjanesi var skoðuð og reyndu starfsmenn nýiðnaðardeildar að gera sér sem gleggsta mynd af rekstrinum.

Fjórir starfsmenn nýiðnaðardeildar hafa unnið skýrslu þessa og skipt með sér verkum. Eggert Steinsen verkfræðingur hefur fylgzt með verkinu af hálfu Iðnaðarráðuneytisins.

Skýrsla þessi er orðin viðameiri en áformað var í upphafi. Því hefur verið brugðið á það ráð að draga saman helztu niðurstöður athugunarinnar á nokkrar blaðsíður og birta sem sérstakan kafla fremst í skýrslunni. Er þar að finna meginþætti varðandi markaðsmál, arðsemi og stöðu fyrirtækisins.

Í sérstöku fylgiskjali er að finna fyrirspurnir sem stjórn Sjóefnavinnslunnar hf. voru sendar ásamt svörum. Auk þess er skrá yfir allar heimildir sem stofnuninni voru tiltækar, bæði skýrslur og bréf.

## Niðurstöður og tillögur.

1. **Inngangur.**

Ekki er vandalaust að draga saman helztu niðurstöður könnunar um feril og stöðu Sjóefnavinnslunnar hf. (SEV). Athuganir á sjóefnavinnslu á Reykjanesi má rekja allar götur til fimmta áratugar þessarar aldar, en Undirbúningsfélag um saltverksmiðju á Reykjanesi (USÁR) var stofnað árið 1977. Sett voru sérstök lög um Undirbúningsfélagið. Því var falið að reisa og reka tilraunaverksmiðju fyrir salt úr jarðsjó og kanna m. a. markaðsmöguleika saltsins í fiskverkun.

Á Reykjanesi, þar sem Sjóefnavinnslan hefur nú verið reist, voru aðeins nokkrar tilraunaborholur og vegarslóði. Enga raflínu, engan síma og að sjálfsögðu engar byggingar var þar að finna. Aðstaða á athafnasvæði SEV hefur verið bætt mjög síðan. Sæmilegur vegur hefur verið lagður, símasamband er við umheiminn, bráðabirgðatenging við raflínu á Reykjanesvita, og þokkaleg aðstaða er fyrir starfsfólk. Samið hefur verið við eigendur varmaréttinda á svæðinu og unnið er að samningagerð um kaldavatnstöku. Boruð hefur verið ein viðbótarborhola, sú aflmesta í heimi, að því er talið er. Komin er í notkun 0.5 MW rafstöð. Eitt fyrirtæki, Strandir hf., er framleiðir fiskimjöl með notkun jarðgufu, hefur flutt á svæðið og kaupir jarðgufu af SEV.

2. **Sjóefnavinnslan hf.**

Lög um sjóefnavinnslu voru samþykkt á Alþingi vorið 1981, en þar var ríkisstjórninni heimilað að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Jafnframt var heimilað að hefja undirbúning að framleiðslu natríumklórats. Þá getur Iðnaðarráðuneytið einnig heimilað félaginu að reisa og reka 10 MW raforkuver. Til bráðabirgða eru ákvæði um að samþykki Alþingis þurfi til þess að auka afköst verksmiðjunnar í 40 000 tonn. Í greinargerð með frumvarpinu er lagt til að reist og rekin verði í fyrsta áfanga 8000 t fisksaltsframleiðsla.

Gera má ráð fyrir, að hugmyndin um að reisa 40 000 t saltverksmiðju í einum áfanga hafi ekki átt nægu fylgi að fagna á Alþingi, því hafi orðið ofan á að byggja verksmiðjuna í áföngum. Ekki er kunnugt um, að nokkur áætlun hafi verið lögð fyrir Alþingi um arðsemi 8000 t áfanga saltvinnslunnar.

Stofnfundur SEV var haldinn í desember 1981. Nokkur óvissa ríkti um meðferð eigna og skulda Undirbúningsfélagsins, en skuldir námu 13.4 millj. kr. í október 1981. Ríkisstjórnin samþykkti að veita 7.0 millj. kr. lán til 20 ára. Einnig var farið fram á að sveitarfélög á Suðurnesjum legðu fram 20% hlutafjár í SEV. Almennir hluthafar í Undirbúningsfélaginu voru margir, og þeir sömu eiga nú flestir hlut í SEV. Við stofnun SEV jókst hlutfallslegt hlutafé ríkisins verulega fram yfir það sem var í Undirbúningsfélaginu.

Þeir stjórnarmenn SEV, sem rætt hefur verið við, hafa lýst þeirri skoðun sinni að meginmarkmið þeirra væri að fylgja samþykkt Alþingis og sjá um að reistur væri 8000 t áfangi saltvinnslu á Reykjanesi. Þegar þeirri framkvæmd væri lokið og verksmiðjan komin í fullan rekstur, bæri að endurskoða áætlanir um 40 000 t áfanga saltvinnslunnar. Segja má að í höfuðatriðum hafi þessari stefnu verið fylgt.

Stjórn og ráðgjöfum SEV hefur lengi verið ljóst, að 8000 t áfanginn mundi, þegar hann kæmi í fullan rekstur, ekki gera betur en að standa undir breytilegum kostnaði við framleiðsluna.

3. **8000 t áfanginn.**

SEV hóf strax á árinu 1982 undirbúning að byggingu 8000 t verksmiðjunnar. Ráðgjafar verksmiðjunnar á sviði efnaframleiðslu voru þeir sömu og unnið höfðu fyrir Undirbúningsfélagið og höfðu sumir áður starfað um margra ára skeið að könnun um sjóefnavinnslu

hérlendis. Hönnun bygginga og vélbúnaðar hefur að mestu leyti verið í höndum fyrirtækja er eiga aðild að verkfræðisamsteypunni Virki hf.

Ekki hefur verið leitað ráðgjafar um framleiðsluferli út fyrir þennan ráðgjafahóp, ef undan er skilin framleiðsla fínsalts. Framleiðsluferlið hefur verið talið svo sérstakt, að þekkingu væri ekki að finna annars staðar en hjá þeim sem starfað hafa að undirbúningi Sjóefnavinnslunnar hf.

Fram kom sú hugmynd hjá ráðgjöfum SEV að byggja strax svokallaða fínsaltsdeild, þ. e. vélasamstæðu er framleiðir fínsalt, kalí og kalsíumklóríð úr afgangslegi frá 8000 t grófsaltsframleiðslu. Fjárbeiðni til þessarar framkvæmdar var hafnað af aðaleiganda fyrirtækisins, þar eð markaðshugmyndir SEV voru taldar hæpnar.

4. **Stofnkostnaður 8000 t áfangans.**

Fjármagns til framkvæmda SEV hefur verið aflað með hlutafjárútboðum (25%) og lántökum (75%). Hlutur ríkisins í hlutafé fyrirtækisins hefur ár frá ári farið vaxandi. Langtíma fjárfestingalán eru öll erlend með ríkisábyrgð. Fjármálaráðuneytið hefur séð um lántökur eftir að heimild hefur verið veitt í samræmi við lánsfjárlög. Venjulega hafa lánsbeiðnir SEV verið skornar niður. SEV hefur brúað bil áfallins kostnaðar vegna framkvæmda og erlendrar lántöku með innlendum skammtímalánum.

Ekki verður séð af gögnum félagsins að þurft hafi að leggja fram endurskoðaða arðsemisreikninga vegna óska um erlendar lántökur. Einu arðsemisáætlanir um rekstur sjóefnavinnslu á vegum SEV, sem kunnar eru, er að finna í lokaskýrslu stjórnar USÁR, í skýrslu saltvinnslunefndar Iðnaðarráðuneytisins, marz 1981, og í skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis, apríl 1982. „Drög að sjö ára framkvæmda- og rekstraráætlun um starfsemi Sjóefnavinnslunnar hf. á Reykjanesi“, ágúst 1982, flokkast tæpast undir arðsemisáætlun. Fremur er þar um lista yfir hugsanlegar framkvæmdir að ræða.

Framkvæmdir við 8000 t áfangann hafa tekið lengri tíma en áætlað var af tveimur meginástæðum; framkvæmdafé hefur verið takmarkað og ófyrirséðir tæknilegir erfiðleikar hafa valdið hremmingum. Þetta hefur leitt til þess að fjármagnskostnaður SEV er orðinn verulegur hluti stofnkostnaðar.

Eftirfarandi yfirlit sýnir þetta glögglega:

| | Millj. kr. |
|---|---|
| Stofnkostnaður 1.7. 1984 | **262.9** |
| Framkvæmdaskostnaður (á verðlagi hvers tíma) | 146.8 |
| Fjármagnskostnaður (vextir, verðbreytingar og gengismunur) | 101.8 |
| Framlag úr ríkissjóði | – 9.5 |
| | 239.1 |
| Hækkun eiginfjár og hlutafjár | 23.8 |
| Samtals: | 262.9 |

Afurðir þær sem rætt hefur verið um að framleiða úr jarðsjó á Reykjanesi eru flestar mjög ódýrar á almennum markaði. Arðsemi framleiðslu slíkra afurða er ávallt mjög háð stofnkostnaði framkvæmda. Torskilið er hvers vegna aðaleigandi fyrirtækisins hefur ákveðið að fjármagna framkvæmdir að jafnmiklu leyti og raun ber vitni með erlendu lánsfé. Þessi gáta verður enn erfiðari viðfangs þegar litið er til þess, að 8000 t áfanginn er tilraunaframleiðsla, sem eðli málsins samkvæmt hefði getað leitt til neikvæðrar niðurstöðu, annars hefði ekki verið ástæða til að leggja út í tilraunina.

## 5. Markaður fyrir afurðir 40 000 t áfangans.

Sjóefnavinnslan hefur látið vinna nokkrar markaðsathuganir fyrir afurðir verksmiðjunnar. Markaðskannanir þessar eru flestar samantekt á tölfræðilegum upplýsingum um magn og verð á viðkomandi mörkuðum. Ekki verður séð, að stjórn SEV hafi notað þessar upplýsingar til að meta hugsanlega markaðshlutdeild SEV. Ráðgjafar fyrirtækisins telja furðu oft, að vandalaust sé að ryðja öðrum seljendum út af markaði.

### 5.1 Innlendur markaður.

Sölutekjur SEV af fisksalti eru áætlaðar um 60% af heildartekjum (markaðshlutdeild 60—70%), þegar 40 000 t áfanginn er kominn í fullan rekstur. Fisksalt hefur lækkað umtalsvert í verði vegna aukinnar samkeppni innflytjenda og lækkaðs flutningskostnaðar.

Forráðamenn SEV hafa lagt þunga áherzlu á hreinleika og gæði Reykjanessaltsins og samkeppnishæfni þess þar af leiðandi. Þessi gæði eru talin munu skila hærra verði í sölu saltaðra sjávarafurða en nú þekkjast. Fáir, er rætt hefur verið við, bera brigður á hreinleika Reykjanessaltsins. Sérfræðingar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins telja saltið mjög gott. Lítil kristalstærð og styrkleiki hefur valdið nokkrum erfiðleikum, en nú er talið að þau vandamál hafi verið leyst.

Ráðgjafar SEV gera ekki ráð fyrir að samkeppnisaðilar verksmiðjunnar bregðist á nokkurn hátt við 60—70% markaðshlutdeild Reykjanessaltsins, hvorki með lækkun saltverðs né heldur með því að leita eftir, hvort erlendis megi fá salt er uppfylli hærri kröfur markaðarins um gæði, geri markaðurinn slíkar kröfur. Þá er heldur ekki gert ráð fyrir, að verðjöfnunarkerfi það er nú gildir að nokkru leyti á fisksalti breytist. Telja verður, að þetta viðhorf lýsi þekkingarleysi um eiginleika markaða almennt.

SEV hefur látið vinna markaðskannanir fyrir sölu á fínsalti og matarsalti. Allt fram til þessa hafa ráðgjafar SEV nær ávallt reiknað með 100% markaðshlutdeild. Hér er yfirleitt um að ræða hreint salt, sem notað er til matvælaframleiðslu. Ekki verður séð að Reykjanessalt hafi sérstaka samkeppniskosti á þessum markaði aðra en nálægð.

Áætlað er að selja 3850 t af kalí til Áburðarverksmiðju ríkisins. Slíkt er mögulegt að gefnum gæðum og samkeppnishæfu verði. Verð á kalí hefur lækkað úr 162 USD/t miðað við 7 ára áætlun SEV í um 100 USD/t. Áburðarverksmiðjan býður út kaup á kalí.

SEV hyggst selja 400 t af kalsíumklóríði til Vegagerðar ríkisins. Líklegt er að svo geti orðið ef verð er samkeppnishæft. Vegagerðin býður jafnframt út kaup á kalsíumklóríði.

Í áætlun SEV er gert ráð fyrir að selja klór, natríumhypóklóríð, saltsýru og vítissóta á innlendum markaði. Reiknað er með 100% markaðshlutdeild í áætlun SEV. Verð á flestum þessara afurða hefur lækkað síðan 7 ára áætlun SEV var gerð.

### 5.2 Útflutningur.

Áætlað er að flytja út 8600 t af kalsíumklóríði. Sölutekjur af kalsíumklóríði eru áætlaðar um 20% af sölutekjum í áætlun ITÍ. Undanfarin ár, eða frá 1980, hafa átt sér stað verulegar sviptingar, eins og alkunna er, á erlendum gjaldeyrismörkuðum. Áætlaðar sölutekjur SEV af útflutningi á kalsíumklóríði lækka um 60% í dollurum frá 7 ára áætlun SEV.

Í áætlun ITÍ er gert ráð fyrir að tekjuskipting SEV verði eftirfarandi:

| | % |
|---|---|
| Fisksalt | 53 |
| Kalsíumklóríð (útflutt) | 21 |
| Kalsíumklóríð (innanlands) | 2 |
| Kalí | 11 |
| Klór + Na-hypóklóríð + saltsýra + vítissóti | 7 |
| Matarsalt | 4 |
| Bróm | 2 |

5.3 **Markaðir og arðsemismat.**

Markaðsverð nær allra afurða, er SEV hyggst framleiða, hefur hreyfzt umtalsvert frá því er fram kemur í áætlunum saltvinnslunefndar Iðnaðarráðuneytisins, marz 1981, skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis, apríl 1982, og í drögum að sjö ára áætlun félagsins, ágúst 1982. Ráðgjafar SEV reikna með því, að vandalaust sé að selja framleiðsluna, vandinn virðist að þeirra mati fyrst og fremst vera að framleiða salt.

Í arðsemismati ITÍ er yfirleitt reiknað með sömu markaðshlutdeild og ráðgjafar SEV hafa gert. Þetta er gert til þess að finna reiknanlegar hámarkstekjur SEV. Telja verður næsta ólíklegt að SEV nái nokkru sinni áætlaðri markaðshlutdeild á öllum mörkuðum á þann hátt sem reiknað er með í arðsemisútreikningi ITÍ.

6. **Ódýr varmaorka og saltvinnsla SEV.**

ITÍ hefur litið á það sem meginverkefni á þessu stigi að meta fýsileika efnaframleiðslu SEV. Mat á nýtingu jarðvarmans á Reykjanesi er allt annað verkefni, er áhugavert gæti verið að takast á við síðar. Við teljum að varast verði að blanda saman hagkvæmni jarðvarmans og saltframleiðslu á Reykjanesi. Til þess að finna arðsömustu nýtingu jarðvarmans þyrfti, hugsanlega í samvinnu við erlenda efnaframleiðendur, að meta fjölbreytilega efnaframleiðslu og bera saman álitlegustu kostina.

7. **Fýsileiki efnaframleiðslu SEV.**

Kostnaður við 8000 t saltáfangann er talinn nema 31. júlí 1984 um 208 millj. kr. og kostnaður við orkuvirki er um 84 millj. kr. Heildarkostnaður 40 000 t áfangans er reiknaður um 608 millj. kr. án orkuvirkis. Næsta líklegt er að 40 000 t efnaframleiðsluþátturinn muni kosta nær 674 millj. kr. þegar allir óvissuþættir hafa verið leystir. Ekki er vandkvæðalaust að finna áreiðanlegar stofnkostnaðartölur í gögnum ráðgjafa SEV.

Söluverðmæti 40 000 t áfangans er áætlað 107 millj. kr. miðað við reiknanlegar hámarkstekjur og hámarkshlutdeild í markaði. Breytilegur rekstrarkostnaður er áætlaður 58 millj. kr. og framlegð því 49 millj. kr. Fastur rekstrarkostnaður án opinberra gjalda og vaxta af stofnlánum er áætlaður 13 millj. kr.

Innri afkastavextir hafa verið reiknaðir miðað við breytilegar forsendur (sjá nánar í kafla 5.3).

1. 40 000 t efnaframleiðsla SEV kaupi orku af orkuveituþætti SEV á 1 USD/t af gufu og 32 mill/kWh.
   a) Miðað er við óbreytt skilaverð til verksmiðju:

| | % |
|---|---|
| innri vextir fyrir skatta: | −0,67 |
| innri vextir eftir skatta: | −0,67 |
| innri vextir af hlutafé: | −6,34 |

b) Skilaverð allrar framleiðslu hækkað um 25%, sem samsvarar að fisksalt hækki um 50% frá því sem nú er eða verksmiðjan fái aðrar tekjur er nemi 25 millj. kr. á ári:

| | % |
|---|---|
| innri vextir fyrir skatta: | 4,42 |
| innri vextir eftir skatta: | 3,98 |
| innri vextir af hlutafé: | 2,50 |

c) Miðað er við óbreytt skilaverð, en 8000 t áfanginn afskrifaður (kostnaður færður til aðaleiganda) á næstu þremur árum:

| | % |
|---|---|
| innri vextir fyrir skatta: | 3,38 |
| innri vextir eftir skatta: | 3,38 |
| innri vextir af hlutafé: | 1,51 |

2. 40 000 t efnaframleiðsla SEV rekin með orkuveituþættinum og stofnkostnaður hans metinn á 125,7 millj. kr. til þess að mæta þörfum efnaframleiðslunnar fyrir aukna gufu og raforku. 8000 t áfanginn ekki afskrifaður.

a) Miðað er við óbreytt skilaverð:

| | % |
|---|---|
| innri vextir fyrir skatta: | 2,38 |
| innri vextir eftir skatta: | 2,38 |
| innri vextir af hlutafé: | −0,81 |

b) Tekjur alls hækkaðar um 50% sem samsvarar að öll framleiðsla sé seld 50% yfir markaðsverði eða fisksalt eitt sér hækki um 100%. Tekjuaukningin samsvari orkusölu til einnar 40 000 t sjóefnavinnslu:

| | % |
|---|---|
| innri vextir fyrir skatta: | 9,38 |
| innri vextir eftir skatta: | 7,82 |
| innri vextir af hlutafé: | 12,66 |

**Niðurstaða:** Efnaframleiðsla Sjóefnavinnslunnar hf. er ekki álitleg fjárfesting. Orkuframleiðsla og sala gæti verið álitleg, finnist markaður fyrir orkuna.

8. **SEV, ráðgjafar og stjórn.**

Ekki er unnt að ræða um uppbygginguna Sjóefnavinnslunnar á Reykjanesi án þess að nefna þátt hinna fjölmörgu ráðgjafa sem koma þar við sögu. Kostnaður við aðkeypta ráðgjöf, hönnun, eftirlit og rannsóknir nemur yfir 20% af heildarstofnkostnaði 8000 t áfangans. Fyrirtækið hefur aðeins um þriggja mánaða skeið haft tæknimann í starfi og aldrei kunnáttumenn á sviði markaðsfærslu.

Þrátt fyrir alla þessa ráðgjafa virðist sú staðreynd, að 40 000 t verksmiðja sé hæpin fjárhagslega, aldrei hafa verið til umræðu. Hvernig það gat gerzt skal látið ósvarað.

Þá er og erfitt að svara þeirri spurningu hvers vegna eigendur fyrirtækis, er hyggur á fjölbreytilega efnaframleiðslu, kjósa stjórn án þess að nokkur kunnáttumaður um efnaframleiðslu og sölu eða á sviði tilraunarekstrar eigi þar sæti.

9. **Tillögur.**

**Tveir meginkostir** koma til álita um framtíð SEV. **Fyrri og einfaldari kosturinn er að leggja á hilluna öll áform um uppbyggingu efnavinnslu SEV um fyrirsjáanlega framtíð, leggja í staðinn áherzlu á sölu þeirrar orku sem fyrir er á svæðinu og uppbyggingu ýmiss konar iðnaðar er nýtt gæti orkuna, þar á meðal t. d. fiskeldi.** Til álita gæti komið að ríkissjóður yfirtæki áhvílandi skuldir fyrirtækisins um tíma og yfirfærði þær síðan, ef arðsemi orkusölu SEV yrði slík, að endurgreiðsla lána kæmi til greina.

Samvinna um orkusölu við Hitaveitu Suðurnesja gæti komið til álita. Stjórn fyrirtækisins þyrfti að vera skipuð í samræmi við markmið sem eigendur setja sér með rekstrinum.

**Síðari kostinum og án efa mun erfiðari er lýst í eftirfarandi tillögum.** Ljóst er, að eftir miklu getur verið að sækjast fyrir þjóðarbúið í heild, ef notkun úrvalssalts getur aukið verðmæti útfluttra, saltaðra sjávarafurða, þó ekki væri nema um nokkur prósent. Saltverðið vegur aðeins 2—3% í framleiðslukostnaði saltfisks.

Rétt og skylt er að vekja athygli á að **þessi kostur krefst verulegs áhættufjármagns** eiganda fyrirtækisins. Vanda verður mjög til þeirra er veljast til forustu um framgang þessa verkefnis og síðast en ekki sízt yrði að byggja upp markað og tækniþekkingu hjá fyrirtækinu sjálfu.

1. Kannað verði, hvernig skilja má að framleiðslu á jarðsjó, jarðgufu og raforku annars vegar og efnaframleiðslu hins vegar. Gert verði ráð fyrir, að hver eining um sig verði sjálfstæð áhættu- og hagnaðareining. Til álita gæti komið samvinna um orkuframleiðslu og sölu við Hitaveitu Suðurnesja eða stofna sérstakt orkuöflunar- og sölufyrirtæki. Vinna þarf skipulega að markaðsfærslu orkunnar á svæðinu.
2. Gerð verði ítarleg framkvæmda- og kostnaðaráætlun um lúkningu og prófanir á 8000 t áfanganum, þar sem m. a. væri tekið tillit til eftirfarandi þátta:
   a) Uppsetning á þurrkunar- og sigtibúnaði ásamt fullnægjandi geymslu fyrir afurðir fyrirtækisins, með það fyrir augum að framleiða og selja fínsalt til matvælaiðnaðar.
   b) Tilraunaframleiðsla á því magni af fisksalti, er þarf til að fá úr því skorið, hvort gæði Reykjanessaltsins skili sér í hærra verði á söltuðum sjávarafurðum.
   Verksmiðjan gæti haft forgöngu um slíkar tilraunir, m. a. í samvinnu við SÍF og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
   c) Kannaðar verði markaðslegar og tæknilegar forsendur þess að framleiða dýrari salttegundir, svo sem léttsalt (NaCl + KCl), bíósalt (úr hreinum sjó), saltstein (fóðursalt) og önnur skyld efni, er til greina gætu komið.

   Ekki verði hafizt handa fyrr en áætlanir liggja fyrir og fjármunir eru tryggðir. Bein erlend lán ættu ekki að koma til greina við uppbyggingu og tilraunarekstur 8000 t áfangans.

   Hér verður um tilrauna- og þróunarstarfsemi að ræða, sem ekki er víst að skili jákvæðri niðurstöðu, og því er ekki unnt að reikna með hagnaði.

   Forsenda frekari rekstrar ætti að vera aukning hlutafjár, helzt samfara minnkun á hlut ríkisins í fyrirtækinu.
3. Stjórn fyrirtækisins þarf að vera skipuð í samræmi við markmið eigenda með rekstrinum. Tryggja þarf, að nauðsynleg markaðs- og tækniþekking vistist í fyrirtækinu sjálfu.
4. Öllum undirbúningi, ef nokkur er, vegna 40 000 t áfangans verði hætt og ekki tekinn upp að nýju nema markaðsforsendur fyrir sölu á fisksalti og kalsíumklóríði eða annarri framleiðsluvöru fyrirtækisins hafi stórlega breytzt eða fundizt hafi ný tækni til vinnslu umræddra afurða úr jarðsjó, sem leiði til minni framleiðslukostnaðar.
5. Að því er bezt verður séð, mun SEV ekki í fyrirsjáanlegri framtíð geta staðið undir áhvílandi skuldum.
6. Skuldum fyrirtækisins verði deilt á milli orkuöflunarþáttarins og efnaframleiðslunnar. Reynt verði að lengja lánstíma þeirra lána er falla í hlut orkuþáttarins, en kannaðar leiðir til þess að yfirfæra önnur lán fyrirtækisins á ríkissjóð.

**Fylgiskjal II.**

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ,
Arnarhvoli,
101 Reykjavík.

SJÓEFNAVINNSLAN HF.

Keflavík, 15. febrúar 1985.

Málefni: Beiðni Alþingis um skýrslu um málefni Sjóefnavinnslunnar hf. dags. 5. nóvember 1984.

Í framhaldi af framkominni beiðni Alþingis frá 5. nóvember sl. hefur stjórn Sjóefnavinnslunnar hf. framkvæmt athuganir á áætlunum sem snerta framkvæmdir og rekstur fyrirtækisins í framtíðinni svo og mati á stöðu þess nú með hliðsjón af eldri áætlunum. Arðsemismat hefur verið framkvæmt á áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækisins miðað við mismunandi forsendur. Áðurgreindar athuganir hafa verið umfangsmeiri en talið var í fyrstu.

Verður nú farið nokkrum orðum um helztu framkvæmdir á undanförnum árum.

Í áætlun fyrir árið 1982 var gert ráð fyrir eftirfarandi framkvæmdum:

Borun gufuhola 9.
Borun kaldavatnsholu.
Fullnaðartengingu borholu 8.
Byggingu saltpönnuhúss.
Byggingu mötuneytis.
Undirbúningi fínsaltsframleiðslu.

Á árinu 1983 voru ráðgerðar eftirtaldar framkvæmdir:

Bygging eima.
Bygging saltgeymsluhúss.
Uppsetning rafstöðvar 500 kw.
Bygging fínsaltsdeildar.

Uppsetningu gufurafstöðvar lauk á árinu 1983, en byggingu eima 1984. Byggingu saltgeymslu var frestað, einnig fínsaltsdeild. Staða mála er því nú sú að framleidd eru 6—7 tonn af salti á sólarhring í einni pönnu og hafa verið framleidd í henni um 2400 tonn til þessa. Viðbótarframleiðsla kemur ekki til fyrr en búnaður hefur verið settur í pönnu 2 og 3 sem eru byggðar. Þá þarf að gangsetja eima sem standa tilbúnir. Orka er næg, bæði frá borholu 8 sem er frá 1971 svo og borholu 9 sem lokið var við 1983. Er sú hola talin ein hin aflmesta í heiminum. Þá er fyrirtækið sjálfu sér nógt um raforku frá 500 kw gufurafstöð. Til þess að ljúka svonefndum 8000 tonna áfanga þarf nefndan búnað í pönnur 2 og 3 o. fl. Er talið að það kosti allt að 50 m.kr., að meðtöldu rekstrartapi ársins 1985 án fjármagnskostnaðar. Framleiðsla fyrirtækisins hefur öll selzt en að öðru leyti vísast til kafla um markaðsmál sem fylgir bréfi þessu.

Við gerð áætlana 26 og 40 þús. tonna verksmiðju hefur verið leitazt við að gæta raunsæis í mati. Hafa ber þó í huga að alltaf er nokkur óvissa í áætlunum sem þessum. Sama gildir um markaðshlutdeild fyrirtækisins hér á landi.

Telja verður að tæknileg vandamál 8000 tonna saltverksmiðju hafi verið leyst þrátt fyrir að óvæntar hindranir geti alltaf komið upp. Rekstrar- og byggingaráætlanir vegna þessa áfanga eru því að mati stjórnar eins traustar og verða má.

Nýlega hefur verið leitað til stærstu hluthafa félagsins og falazt eftir frekari hlutafjárframlögum og/eða ábyrgðum. Ekki liggja fyrir jákvæð svör þessara aðila.

Við mat á framtíð fyrirtækisins þarf að taka tillit til eftirfarandi atriða:

— Talið er að kostnaður við lokaframkvæmdir 8000 tonna áfanga nemi allt að 40 millj. kr.
— Vextir og afborganir af skuldum félagsins nú nema á þessu ári 36,4 millj. kr.
— Verulegt rekstrartap er á fyrirtækinu miðað við afkastagetu þess nú (2000 tonn á ári). Talið er að um það bil 1,6 millj. kr. vanti á að árlegar rekstrartekjur 8000 tonna verksmiðju standi undir breytilegum kostnaði við framleiðsluna. Er þá miðað við að salt verði selt á sambærilegu verði og innflutt salt og að engin frekari gufusala verði frá fyrirtækinu.
— Möguleika fyrirtækisins til sölu á þeirri umframorku sem til staðar er.
— Möguleika til frekari nýtingar á þeirri fjárfestingu sem þegar hefur verið lagt út í, svo sem með framleiðslu saltsteins, matarsalts í neytendaumbúðum o. fl.
— Möguleika fyrirtækisins til þess að selja salt á hærra verði en innflutt salt með vísan til hugsanlegrar verðmætisaukningar á söltuðum afurðum með notkun Reykjanessalts (saltfiskur, síld, gærur o. s. frv.).
— Sé rekstur fyrirtækisins stöðvaður er talið að kostnaður vegna eignavörzlu og viðhalds nemi 6—8 millj. kr. á ári.

Að endingu má benda á að öll lán félagsins eru með ábyrgð Ríkissjóðs og er því Ríkisábyrgðasjóður f. h. Ríkissjóðs ábyrgur fyrir greiðslum af lánum. Komi til stöðvunar hlýtur Ríkissjóður að taka að sér vörzlu eigna félagsins. Þess má geta að í byrjun marzmánaðar 1985 þrýtur rekstrarfé.

Virðingarfyllst,
*Finnbogi Björnsson, framkvæmdastjóri.*

Meðfylgjandi eru eftirfarandi gögn:

1. Samanburður áætlana við framkvæmdakostnað.
2. Fjárhagsyfirlit 31. október 1984.
3. Mat á arðsemi viðbótarfjárfestingar.
4. Yfirlit um markaðsmál.

**Samanburður áætlana um framkvæmdakostnað.**

Hér á eftir fara yfirlit um fjárfestingu Sjóefnavinnslunnar h/f á Reykjanesi og samanburður áætlana annars vegar samkvæmt skýrslum Iðnaðarráðuneytisins 1981 og 1982 og hins vegar samkvæmt stöðu fyrirtækisins sl. haust, auk áætlaðs framkvæmdakostnaðar sem talinn er nauðsynlegur til þess að ljúka 40 000 tonna verksmiðju.

Sú ákvörðun var tekin þegar í upphafi að framreikna fjárfestingaráætlanir 1981 og 1982 þannig, að 75% áætlana eru framreiknaðar miðað við breytingar á gengi USD, en 25% eftir breytingu á byggingarvísitölu. Greinast yfirlit þau sem hér fara á eftir sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Tafla 1. | Samanburður á stofnkostnaðaráætlunum 40 000 tonna sjóefnavinnslu á Reykjanesi. |
| Tafla 2. | Áætlaðar framkvæmdir við 40 000 tonna verksmiðju 1985 og síðar. |
| Tafla 3. | Rekstrarkostnaður 40 000 tonna verksmiðju, samanburður áætlana. |
| Tafla 4. | Árlegt söluverðmæti. |
| Tafla 5. | Niðurstöður samanburðar á áætlunum um 40 000 tonna verksmiðju. |

Samanburður á stofnkostnaðaráætlunum 40.000 tonna sjóefnavinnslu á Reykjanesi

| | Greinarg til Alþingis I | Greinarg til Alþingis II | Staða framkvæmda og áætlanir | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Verðl apríl'81 | Verðl febr'82 | Fjárfesting til loka árs 1984 [2] | Áætl framkv 1985 og síðar | Áætlanir og fjárfesting Samtals |
| | Millj Kr | Millj Kr | MKr | MKr | MKr |
| 1. Borholur, safnæðar og rafstöð | 26,85 | 45,0 | 85,1 | 24,0 | 109,1 |
| 2. Vélar og tæki í verksmiðju | 76,65 | 98,6 | | | |
| 3. Byggingar á verksmiðjulóð | 35,67 | 48,8 | 187,1 | 419,6 | 606,7 |
| 4. Rafbún, rafl og stofnlínur | 9,06 | 13,1 | | | |
| 5. Lóðarfrágangur o fl | 1,45 | 5,3 | 2,2 | 20,0 | 22,2 |
| 6. Flutningakerfi utan verksm | 7,97 | 8,5 | | | |
| Samtals MKr | 157,65 | 219,3 | 274,4 | 463,6 | 738,0 |
| Uppfærður[1] stofnkostnaður samkv verðlagi sept'84 | 690,5 | 682,4 | 274,4 | 463,6 | 738,0 |
| Niðurstöður samanburðartalna MKr | 690,5 | 682,4 | 274,4 | 463,6 | 738,0 |

[1] Uppfært frá febr'82 með BV að 25% $gengi að 75%

[2] Stofnkostnaður ásamt vöxtum færður til verðlags sept'84 og áætlaður til loka árs '84

Tafla 1.

Tafla 2.

Áætlaðar framkvæmdir við 40.000 t verksmiðju 1985 og síðar.

| | Verðlag sept'84 1$=kr31,0 MKr | MKr |
|---|---|---|
| Borholur, safnæðar, skiljustöð, rafstöð | | |
| 1. Tenging H9 | 6,0 | |
| 2. Rafstöð 1000 kW | 18,0 | 24,0 |
| Vélar og tæki í verksmiðju, byggingar | | |
| 3. Frágangur 8000 t áfanga | 24,9 | |
| 4. Saltþurrkari o fl | 8,7 | |
| 5. Saltgeymsla I | 10,0 | |
| 6. Úrvinnslueining I | 15,0 | |
| 7. Úrvinnsludeild 26.000 t | 77,0 | |
| 8. Fyrri foreimir | 25,0 | |
| 9. Saltpönnur II | 45,0 | |
| 10. Klórvítissódadeild | 87,0 | |
| 11. Brómvinnslubúnaður | 20,0 | |
| 12. Seinni foreimir | 25,0 | |
| 13. Úrvinnsluviðbætur | 20,0 | |
| 14. Saltpönnur III | 45,0 | |
| 15. Geymslur II | 10,0 | |
| 16. Þjónustubygging Reykjanesi | 7,0 | 419,5 |
| Lóðarfrágangur o fl | 20,0 | 20,0 |
| | | 463,6 |

Tafla 3.

Rekstrarkostnaður 40.000 tonna verksmiðju, samanburður áætlana

| | Áætlun í greinarg til Alþingis Verðlag apríl'81 Þús kr | Áætlun SEV febr'82 Þús kr | Áætlun SEV við aðstæð og verðlag sept '84 Þús kr |
|---|---|---|---|
| Ýmis aðföng | | | |
| 1. Plastsekkir | 942 | 1.278 | 5.900 |
| 2. Varahl og viðhaldsv | 2.333 | 3.164 | 6.000 |
| 3. Önnur aðföng og bifr kostn í verksm | 405 | 549 | 2.320 |
| Orka | | | |
| 4. Afgjald af orkurétt | 190 | 239 | 610 |
| Laun og launatengd gjöld | | | |
| 5. Verksmiðjustjórnun | 2.016 | 2.687 | |
| 6. Rekstur véla | 2.867 | 3.821 | |
| 7. Viðhaldsstarfslið | 868 | 1.157 | 20.860 |
| 8. Mötuneyti | 229 | 305 | |
| 9. Launatengd gjöld | 1.195 | 1.592 | |
| 9a Framl eftirl og ranns | - | - | 1.500 |
| Flutningskostn á SV-landi | | | |
| 10. Breytil flutnkostn | 2.897 | 3.929 | 5.297 |
| Aðkeypt viðh og þjónusta | | | |
| 11. Viðhald gufu og rafst | 611 | 829 | 1.200 |
| 12. Ýmis aðkeypt þjón ofl | 411 | 557 | 2.000 |
| Skrifstkostn tryggingar ofl | | | |
| 13. Yfirstj og ótalinn skrifstkostn | 1.019 | 1.381 | 7.980 |
| 14. Tryggingar ofl | 877 | 1.189 | 2.450 |
| 15. Vextir af rekstrarfé | 214 | 290 | 3.250 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 17.074 | 22.967 | 59.367 |
| Uppfærður samanlagður rekstrarkostn samkv BV | 61.061 | 60.558 | 59.367 |

Tafla 4.

Árlegt söluverðmæti

| Liður | Magn tonn | Apríl '81 Einingarv Kr/tonn | Apríl '81 Verðmæti Þús kr | Febr '82 Einingarv Kr/tonn | Febr '82 Verðmæti Þús kr | Magn tonn | Október '84 Einingarverð Kr/tonn 1) | Október '84 Verðmæti lægra saltverð Þúskr | Október '84 Verðmæti hærra saltverð Þús kr |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Fisksalt SV-land | 20.000 | 483 | 9.660 | 692 | 13.840 | 23.600 | 1.860-2.500 | 43.896 | 59.000 |
| 2. Fisksalt með skipum | 18.000 | 312 | 5.616 | 423 | 7.614 | 14.400 | 1.418-2.058 | 20.419 | 29.635 |
| 3. Matarsalt gróft | 150 | 2.742 | 412 | 3.719 | 558 | 1.000 | 5.500 | 5.500 | 5.500 |
| 4. Fínsalt | 2.000 | 1.542 | 3.084 | 2.091 | 4.182 | | | | |
| 5. Kalí | 4.000 | 891 | 3.564 | 1.208 | 4.832 | 4.000 | 3.400 | 13.600 | 13.600 |
| 6. Kalsíumklóríð | 9.000 | 1.097 | 9.873 | 1.488 | 13.302 | 9.000 | 3.570 | 32.130 | 32.130 |
| 7. Vítissódi o fl | | | 1.696 | | 2.390 | | | 11.555 | 11.555 |
| 8. Bróm | 115 | 6.855 | 788 | 9.297 | 1.068 | 115 | 28.434 | 5.348 | 5.348 |
| | | | 34.692 | | 47.786 | | | 132.448 | 156.768 |
| Uppfært samkv 75% $gengi, 25% BV 1) | | | 151.949 | | 148.697 | | | 132.448 | 156.768 |

1) Sama og í Töflu 1

2) Flutningskostnaður á landi og umbúðir innifalið fyrir salt og kalsíumklóríð

Tafla 5.

Niðurstöður[1] samanburðar á áætlunum um 40.000 tonna verksmiðju

| Liður | Uppfærð áætlun apríl'81 | Uppfærð áætlun febr'82 | Áætlun sept'84 Lægra saltv | Áætlun sept'84 Hærra saltv | Frávik apr'81 til sept '84 % |
|---|---|---|---|---|---|
| | MKr | MKr | MKr | MKr | |
| Stofnkostnaður | 690,5 | 682,4 | 738,0 | 738,0 | +6,9 |
| Tekjur án orkusölu | 151,9 | 148,7 | 132,4 | 156,8 | -12,8 t<br>+3,2 |
| Rekstrarkostnaður | 61,1 | 60,6 | 59,4 | 59,4 | -2,8 |
| Afkastavextir miðað við 15 ára afskriftatíma og ofangreindar uppfærslur | 7,30 | 7,45 | 5,3 | 8,7 | |
| Afkastavextir miðað við 20 ára afskriftir | | | 7,6 | 10,9 | |

1) Uppfærslueiningar:

| | BV | $gengi, kr |
|---|---|---|
| Apríl '81 | 682 | 6,67 |
| Febr '82 | 925 | 9,48 |
| Okt '84 | 2439/165 | 31,0 |

**Samanburður á fyrri áætlunum og núverandi stöðu mála hjá Sjóefnavinnslunni hf.**

1. Stofnkostnaður.
   Ef stofnkostnaðaráætlanir SEV um 40 000 tonna verksmiðju með aukaefnum, sem gerðar voru 1981, eru uppfærðar nema þær nú 690,5 m.kr.
   Áætlun frá 1982 682,9 m.kr, en núverandi áætlun 738 m.kr.
   Mismunur milli áætlunar 1981 og nú nemur þannig 47,5 m.kr eða 6,9% hækkun.
   Hækkun þessi stafar einkum af hækkun er varðar tækjabúnað til klórvítissódavinnslu eða 70 m.kr. en tæki þessi eru afkastameiri en áður var ráðgert.
2. Reksturskostnaður.
   Áætlaður reksturskostnaður skv. áætluninni 1981 og 1982 er nánast hinn sami. Samkvæmt áætlun 1984 er hann talinn lækka um 2.8% vegna lækkaðs flutningskostnaðar, hagkvæmari umbúða og hlutfallslega lægri launakostnaðar.
3. Tekjur.
   Í töflu 4 er gerð grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á teknaáætlunum eða frá 12.8% lægri tekjum en 1981 til 3.2% hærri tekna 1984. Tekjur af svonefndum aukaefnum, kalsíumklóríði, kalí, brómi og klórvítissóda, hafa lækkað um 11%.
   Þessar afurðir nema samtals 40—50% af heildartekjum eftir því hvaða saltverð er miðað við.
   Í núverandi áætlun eru gefin tvö verð á fisksalti.
   Annars vegar er það verð sem var ráðandi á árunum 1981—1983 og enn gildir um gerilsnautt salt eins og Reykjanessaltið er. Það nefnist hið hærra saltverð.
   Hins vegar er hið lægra saltverð sem nú ríkir á Miðjarðarhafssalti og er 25% lægra en hitt.
   Orsakir saltverðslækkunarinnar er talið að rekja megi til mikillar samkeppni á flutningum.
   Þessi 25% munur veldur því að heildartekjur breytast um 18% eftir því hvor viðmiðunin er notuð.
   Sé aftur á móti notað miðverð salts er heildarbreyting −4% frá árinu 1981.

SJÓEFNAVINNSLAN HF.
**Fjárhagsyfirlit**
31. október 1984

## E F N A H A G S R E I K N I N G U R

### E I G N I R

| | 30.10.1984 | 30.06.1984 | 31.12.1983 |
|---|---|---|---|
| VELTUFJÁRMUNIR: | | | |
| Bankainnstæður ........................ | 1.588.964 | 24.539 | 7.026.334 |
| Skammtímakröfur ....................... | 1.359.338 | 717.308 | 1.821.140 |
| Veltufjármunir | 2.948.302 | 741.847 | 8.847.474 |
| FASTAFJÁRMUNIR: | | | |
| Langtímakröfur: | | | |
| Fyrirframgreidd húsaleiga ............ | 130.000 | 130.000 | 163.683 |
| Stofnframkvæmdir: | | | |
| Tilraunaverksmiðja ................... | 35.644.850 | 32.175.619 | 29.458.554 |
| Borholur ............................. | 37.175.162 | 33.093.252 | 30.298.698 |
| Gufu- og jarðsjávarstofnkerfi ........ | 35.000.360 | 31.618.221 | 27.694.775 |
| Gufurafstöð .......................... | 22.723.783 | 20.421.643 | 18.021.845 |
| Gufu- og jarðsjávardreifikerfi ....... | 10.278.184 | 8.815.664 | 7.751.631 |
| Eimar ................................ | 51.312.253 | 36.291.955 | 10.481.867 |
| Pönnuhús ............................. | 92.514.585 | 80.326.376 | 67.815.675 |
| Fínsalt og kalsíumklóríð ............. | 3.440.584 | 3.150.720 | 2.843.458 |
| Safnþró .............................. | 8.708.824 | 7.861.214 | 7.197.375 |
| Þjónustubygging ...................... | 4.983.222 | 4.498.216 | 4.118.365 |
| Lóð og lóðarfrágangur ................ | 2.178.923 | 1.966.854 | 1.800.763 |
| | 303.960.730 | 260.174.734 | 207.483.006 |
| Fyrirframgreiðslur til verktaka ....... | 0 | 1.653.171 | 666.845 |
| Bifreiðar, vélar og áhöld: | | | |
| Bifreiðar og lyftari ................. | 1.246.351 | 1.246.351 | 1.246.351 |
| Vélar, áhöld og tæki ................. | 1.079.897 | 1.021.907 | 996.651 |
| Skrifstofuáhöld og innréttingar ...... | 376.412 | 308.437 | 308.437 |
| | 2.702.660 | 2.576.695 | 2.551.439 |
| Stofnkostnaður, natriumklórat ......... | 138.207 | 138.207 | 47.686 |
| Fastafjármunir | 306.931.597 | 264.672.807 | 210.912.659 |
| EIGNIR SAMTALS | 309.879.899 | 265.414.654 | 219.760.133 |

# 3 1 . O K T Ó B E R 1 9 8 4

## S K U L D I R O G E I G I Ð F É

| | 31.10.1984 | 30.06.1984 | 31.12.1983 |
|---|---|---|---|
| **SKAMMTÍMASKULDIR:** | | | |
| Hlaupareikningslán ...................... | 0 | 5.402.013 | 0 |
| Viðskiptaskuldir ........................ | 4.404.576 | 4.392.196 | 3.320.586 |
| Vextir, ógjaldfallnir ................... | 14.364.791 | 8.349.708 | 1.050.083 |
| Ýmsar skammtímaskuldir .................. | 518.387 | 195.364 | 162.950 |
| | 19.287.754 | 18.339.281 | 4.533.619 |
| **LANGTÍMASKULDIR:** | | | |
| Ríkissjóður Íslands, endurlán ........... | 210.363.028 | 184.023.486 | 156.155.327 |
| Skuldir samtals | 229.650.782 | 202.362.767 | 160.688.946 |
| **EIGIÐ FÉ:** | | | |
| Hlutafé ................................. | 32.205.355 | 26.038.870 | 26.038.570 |
| Varasjóður .............................. | 24.516.612 | 15.462.565 | 15.462.433 |
| Endurmatsreikningur ..................... | 23.507.150 | 21.550.452 | 17.570.184 |
| Eigið fé | 80.229.117 | 63.051.887 | 59.071.187 |
| | | | |
| **SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS** | 309.879.899 | 265.414.654 | 219.760.133 |

**Yfirlit yfir áætlaða skuldastöðu pr. 31.12.1984.**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | USD | 2 089 374.68 | ísl. kr. | 84 828 612,- |
| 2. | GBP | 1 268 280.09 | ísl. kr. | 59 860 283,- |
| 3. | NLG | 2 173 000.00 | ísl. kr. | 24 851 731,- |
| 4. | JPY | 198 297 488.00 | ísl. kr. | 31 999 206.- |
| 5. | USD | 565 520.13 | ísl. kr. | 22 960 177,- |
| | | | | kr. 224 500 009,- |
| Ógreiddir vextir og aðrar skammtímaskuldir ca. | | | | 15 000 000,- |
| | | | Skuldir samtals | kr. 239 500 009,- |
| Hlutafé 31.12.1984 kr. 32 205 355 (1.44 × 1006/537) | | | | 86 878 893,- |
| | | | | kr. 326 378 902,- |

Ath. 1) Ríkissjóður hefur tekið á sig að greiða allan kostnað vegna tilraunaverksmiðju sem nemur um 35 m. kr. og er sá kostnaður því ekki meðtalinn.
2) Ríkissjóður á 87% hlutafjár.

**Arðsemi viðbótarfjárfestingar.**

1.0. Mat á arðsemi 40 000 tonna verksmiðju með klórvítissódadeild og brómvinnslubúnaði.
1.1. Arðsemisáætlun 40 000 tonna verksmiðju.
2.0. Mat á arðsemi 26 000 tonna verksmiðju.
2.1. Rekstraráætlun 26 000 tonna verksmiðju án klórvítissódadeildar.
2.2. Arðsemisáætlun 26 000 tonna verksmiðju án klórvítissódadeildar.
2.3. Rekstraráætlun 26 000 tonna verksmiðju með klórvítissódadeild.
2.4. Arðsemisáætlun 26 000 tonna verksmiðju með klórvítissódadeild.
3.0. Rekstraráætlun 2 000 til 8 000 tonna saltverksmiðju.
4.0. Tillögur og niðurstöður.
4.1. Áhrif tekjuaukningar á arðsemi.

**Mat á arðsemi 40 000 tonna verksmiðju með klórvítissódadeild og brómvinnslubúnaði.**

Í framhaldi af skýrslu Iðntæknistofnunar Íslands um Sjóefnavinnsluna hf. fór fram athugun á arðsemisútreikningum samkvæmt tilvikum 1—5 í skýrslunni en í henni er gerð grein fyrir mismunandi forsendum sem í aðalatriðum snerta annars vegar afskrift 8 000 t áfanga verksmiðjunnar og hins vegar mismunandi forsendur hvað varðar orkuöflun. Greinast þessi tilvik í stuttu máli sem hér segir:

- Stofnkostnaður efnavinnsluþáttar 8 000 tonna áfanga er afskrifaður í tilvikum 1 og 2.
- Í tilviki 1 og 3 er gert ráð fyrir að Sjóefnavinnslan kaupi orku frá óháðu fyrirtæki á verði sem er 32 mill/kwh fyrir raforku og 1 USD/tonn fyrir háþrýstigufu. Í þessum tilvikum er stofnkostnaður orkuvirkis dreginn frá heildarstofnkostnaði. Þess má geta að árlegt orkugjald nemur samkvæmt áætluninni 25,7 millj. kr. miðað við þessa forsendu en stofnkostnaður orkuvirkis er talinn nema 85,1 millj. kr.
- Í tilvikum 2, 4 og 5 er gert ráð fyrir að orkugjald nemi 0,5% af söluverðmæti framleiddra afurða og er stofnkostnaður orkuvirkis eignfærður og afskrifaður í rekstri. Tilvik 2 og 4 gera ráð fyrir stofnkostnaði orkuvirkis að fjárhæð 85,1 millj. kr. en í tilviki 5 er gert ráð fyrir stækkun í 125,7 millj. kr.

Hefur verið litið svo á að við þau skilyrði, sem nú eru fyrir hendi um rekstur og

framtíðarhorfur fyrirtækisins, séu önnur tilvik en tilvik 2 samkvæmt skýrslunni ekki sett fram til þess að svara þeirri spurningu hvort framkvæmdum við efnavinnsluþáttinn skuli fram haldið og stefnt að aukinni framleiðslu á því sviði. Litið er svo á að orkuöflunarþátturinn sé hluti af starfsemi fyrirtækisins og því skuli ekki reikna fyrirtækinu kostnað við orkuöflun á markaðsverði. Í tilvikum 1 og 3 er orkuvirkið rekið með verulegum hagnaði á kostnað efnavinnsludeildar fyrirtækisins.

Í tilviki 2 er stofnkostnaður 8 000 tonna áfanga að undanskildu orkuvirki afskrifaður og er því arðsemi fyrirtækisins miðuð við stofnkostnað orkuvirkis svo og þá viðbótarfjárfestingu sem áætluð er til að ljúka 40 000 t áfanga með tilheyrandi búnaði. Með þessu er gerð tilraun til þess að meta arðsemi viðbótarfjárfestingar í efnavinnslu að 40 000 t markinu ásamt því að fyrirtækið beri fjármagnskostnað og afskriftir af orkuvirkinu svo og allri viðbótarfjárfestingu.

Leitazt hefur verið við að miða fjárhæðir við sama verðlag og gert var í skýrslu Iðntæknistofnunar, þ. e. síðsumars 1984, auk þess sem fjárhæðir eru þær sömu hvað varðar aðra liði en vexti og afskriftir en þar hefur forsendum verið breytt í samráði við starfsmenn Iðntæknistofnunar. Þrátt fyrir að fjárhæðum hafi ekki verið breytt samkvæmt framansögðu skal tekið fram að nokkur ágreiningur er um teknahlið áætlunarinnar. Að mati hönnunarstjóra telur hann tekjur samkvæmt skýrslu Iðntæknistofnunar vantaldar um 10—20% og eru helztu ástæður fyrir þessum mun eftirfarandi:

- Skilaverð á útfluttu kalsíumklóríði er talið kr. 2 600/tonn í skýrslunni en er af hönnunarstjóra talið kr. 3 210/tonn. Mismunurinn felst að verulegu leyti í mati á flutningskostnaði.
- Skilaverð á natríum-hypoklóríði er talið verulega hærra þar sem í skýrslunni er miðað við einingaverð á 10—15% hypoklóríði en framleiðsla miðaðist við 100% hypoklóríð.
- Skilaverð á brómi er talið verulega hærra þar sem miðað er við verð á óhreinsuðu brómi í skýrslunni en á hreinsuðu brómi af hönnunarstjóra.
- Klórvítissódadeild í heild sinni er talin framleiða nokkru meira magn afurða en áður var gert ráð fyrir.

Ekki er hér lagt mat á hvaða fjárhæðir skuli áætla sem tekjur hvers árs og verður að telja að um verulega óvissu sé að ræða, ekki hvað sízt gagnvart markaðssetningu hinna ýmsu afurða.

Niðurstöður áætlunar samkvæmt tilviki 2 um 40 000 tonna saltverksmiðju eftir að gerðar hafa verið breytingar á forsendum frá skýrslu Iðntæknistofnunar hvað varðar vexti og afskriftir greinast sem hér segir:

**Innri vextir fyrir skatta:**

Hækkandi heildartekjur m. v. full afköst:

| | |
|---|---|
| Sömu tekjur og í skýrslu Iðntæknistofnunar | 7,07% |
| 5% hækkun heildartekna | 8,13% |
| 10% hækkun heildartekna | 9,16% |
| 15% hækkun heildartekna | 10,15% |
| 20% hækkun heildartekna | 11,10% |

Lækkandi heildarfjárfesting orkuvirkis og 8 000—40 000 tonna áfanga og sömu tekjur og í skýrslu Iðntæknistofnunar:

| | |
|---|---|
| Hin sama og hjá Iðntæknistofnun | 7,07% |
| 5% lækkun stofnkostnaðar | 7,76% |
| 10% lækkun stofnkostnaðar | 8,50% |
| 15% lækkun stofnkostnaðar | 9,29% |
| 20% lækkun stofnkostnaðar | 10,16% |

Niðurstöður þessar geta vart talizt viðunandi þegar tekið er tillit til þess að innri vextir samkvæmt ofanskráðu miðast við stofnkostnað orkuvirkis auk stofnkostnaðar vegna viðbótarfjárfestingar efnavinnsluþáttarins.

Óvissa um framtíðartekjur er mikil eins og áður segir og eru áætlanir miðaðar við markaðsverð afurða síðsumars 1984 að frádregnum flutningskostnaði og umbúðakostnaði. Í þessu sambandi verður að geta þess að aðrir möguleikar gætu að margra áliti verið fyrir hendi hvað varðar tekjuöflun, sem ekki hefur verið tekið tillit til, en þeir eru aðallega þessir:

- Að möguleikar verði til þess að selja salt frá verksmiðjunni á hærra verði en innflutt salt vegna sérstakra gæða Reykjanessaltsins. Verð á salti er um þessar mundir um 8—13% hærra en á innfluttu salti.
- Að möguleikar séu fyrir hendi að selja gufu og/eða affallsvarma frá verksmiðjunni ef markaður fæst. Telja verður líklegt að söluverð á affallsvarma og gufu gæti numið verulegum fjárhæðum finnist kaupendur fyrir orkuna.

Í dag er ógerlegt að gera sér grein fyrir áðurnefndum möguleikum en mikilvægi þeirra gagnvart framtíð fyrirtækisins er mjög mikið og gæti ráðið úrslitum um það hvort viðbótarfjárfesting vegna byggingar saltverksmiðju ásamt búnaði skili sér í framtíðartekjum.

Talið er að ákvörðun um frekari fjárfestingar á vegum fyrirtækisins, sem gerð er með hliðsjón af arðsemismati í framtíðinni, verði að miðast við tiltölulega háar kröfur um arðsemi viðbótarfjárfestingar sé tekið tillit til þeirrar óvissu sem er um rekstrartekjur og gjöld fyrirtækisins, auk þess sem „tilraunaáfangi" efnavinnslunnar er afskrifaður eins og áður segir. Telja verður að örugg vissa þurfi að vera fyrir hendi um það að viðbótarfjárfestingin a. m. k. endurgreiðist að fullu í rekstri með eðlilegum vöxtum.

**Mat á arðsemi 26 000 tonna saltverksmiðju.**

Í framhaldi af arðsemisáætlun 40 000 tonna verksmiðju sem greint er frá hér að framan var gerð athugun á arðsemi 26 000 tonna verksmiðju með og án klórvítissódadeildar.

Eru áætlanirnar unnar miðað við sambærilegt verðlag og notað var í skýrslu Iðntæknistofnunar, þ. e. BV = 165 stig og USD = 31 kr. Hins vegar eru tekjur reiknaðar samkvæmt mati hönnunarstjóra og leiðir sú breyting til hækkunar tekna sem nemur um 15% umfram þá tekjuviðmiðun sem notuð var við gerð arðsemisáætlunar 40 000 tonna verksmiðju.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi rekstraráætlun 26 000 tonna verksmiðju er verð t. d. á fisk- og síldarsalti (tonn) að frádregnum umbúðakostnaði og flutningskostnaði talið vera kr. 1 498. Sé gerð tilraun til þess að framreikna verð þetta til verðlags um síðastliðin áramót fæst:

| | | |
|---|---|---|
| Framreiknað verð m. v. gengi USD 40,60/31 | kr. | 1 962 |
| Framreiknað verð m. v. vísitölu 185/165 | kr. | 1 680 |

Gera verður ráð fyrir því að saltverð breytist að verulegum hluta eftir gengisbreytingum. Samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra var söluverð á salti frá verksmiðjunni um sl. áramót kr. 2 300/tonn og miðast það verð við að kaupendur annist flutninga frá verksmiðju. Nýlega var verð á salti frá verksmiðjunni hækkað í kr. 2 600/tonn.

Þar sem saltsala er verulegur hluti af söluandvirði afurða frá verksmiðjunni og miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir um verð á salti um þessar mundir verður ekki annað séð en að hækkun tekna samkvæmt mati hönnunarstjóra sé varleg. Áðurnefnd viðmiðun á saltverði nú miðað við áætlun, sem miðast við stöðu mála í ágúst s.l., gefur tilefni til þess að

## REKSTRARÁÆTLUN 26.000 T ÁFANGA ÁN KLÓR-VÍTISSÓDA

Grundv: Verðlag ágúst-sept'84, BV=2439/165, 1$=kr31

Verð afurða frá verksmiðju, umbúðir ekki innifaldar

| REKSTRARTEKJUR: | Árið 1988 Þús kr | Árið 1989 Þús kr | Árið 1990 Þús kr |
|---|---|---|---|
| Fisk og sildarsalt 23000t/25000t á kr 1.498 | 34.454 | 37.450 | sama |
| Fint og milligróft salt 1000t á kr 5.400 | 5.400 | 5.400 | " |
| Kali 2000t/2500t á kr 3.200 | 6.400 | 9.600 | " |
| Kalsíumklóríð 5000t/5600t á kr 3.210 | 16.050 | 17.976 | " |
| Kalsíumklóríð 400t á kr 4.540 | 1.816 | 1.816 | " |
| Seld jarðgufa 1500t á kr 30 | 450 | 450 | " |
| Rekstrartekjur samtals | 64.570 | 72.692 | 72.692 |

| REKSTRARGJÖLD: | | | |
|---|---|---|---|
| Hráefni: | | | |
| Vítissódi 26.000 kg á kr 18 | 470 | 470 | sama |
| Saltsýra 78.000 kg á kr 16 | 1.250 | 1.250 | " |
| | 1.720 | 1.720 | 1.720 |
| Laun og launatengd gjöld: | | | |
| Laun 19 manna ásamt launatengdum gjöldum og matarkostn Þús kr 596/mann | 11.325 | 11.325 | sama |
| | 11.325 | 11.325 | 11.325 |
| Annar framleiðslukostnaður | | | |
| Vararaforka | 200 | 200 | sama |
| Rannsóknir | 730 | 730 | " |
| Viðhald húsa og tækja - efnisþáttur | 3.000 | 4.000 | " |
| Aðkeypt viðhald | 900 | 900 | " |
| Rekstur bifr og fleira | 1.200 | 1.200 | " |
| Annar framl kostn | 935 | 935 | " |
| | 6.965 | 7.965 | 7.965 |
| Skrifstofu og stjórnunarkostn o fl | | | |
| Laun og annar skrifst kostn | 4.500 | 4.500 | sama |
| Fasteignask, aðstöðugj og tryggingar | 1.500 | 1.500 | " |
| Vextir af rekstrarfé, 10% af 3 mán veltu | 1.610 | 1.820 | " |
| | 7.610 | 7.820 | 7.820 |
| Rekstrargjöld samtals án afskr og fjármagnsk | 27.620 | 28.830 | 28.830 |
| TEKJUR UMFRAM GJÖLD | 36.950 | 43.862 | 43.862 |

REKSTRARÁÆTLUN 26.000 T ÁFANGA MEÐ KLÓR-VÍTISSÓDA OG BRÓMI

Grundv: Verðl ágúst-sept'84, BV=2439/165 1$=kr31

Verð frá verksmiðju, umbúðir ekki innifaldar

| | Árið 1989 Þús kr | Árið 1990 Þús kr | Árið 1991 Þús kr |
|---|---|---|---|
| **REKSTRARTEKJUR:** | | | |
| Fisk og sildarsalt 24000t á kr 1498 | 35.952 | 35.952 | 35.952 |
| Fint og milligróft salt 1000t á kr 5.400 | 5.400 | 5.400 | 5.400 |
| Kalí 2500t á kr 3.200 | 8.000 | 8.000 | 8.000 |
| Kalsíumklóríð 5600t á kr 3.210 | 17.976 | 17.979 | 17.979 |
| Kalsíumklóríð 400t á kr 4.540 | 1.816 | 1.816 | 1.816 |
| Klórvítissódaafurðir | 9.052 | 11.555 | 13.082 |
| Bróm 150t/200t/300t á kr 46.500 | 6.975 | 9.300 | 13.950 |
| Seld jarðgufa 1500t á kr 30 | 450 | 450 | 450 |
| Rekstrartekjur samtals | 85.621 | 90.452 | 96.629 |
| **REKSTRARGJÖLD:** | | | |
| Hráefni: | | | |
| Íblöndunarefni í rafgreiningu | 260 | 260 | 260 |
| Önnur aðföng | 400 | 400 | 400 |
| | 660 | 660 | 660 |
| Laun og launatengd gjöld: | | | |
| Laun 30 manna ásamt launat gj og matarkostn Þús kr 596/mann. | 17.880 | 17.880 | 17.880 |
| | 17.880 | 17.880 | 17.880 |
| Annar framleiðslukostnaður: | | | |
| Vararaforka | 0 | 0 | 0 |
| Rannsóknir og eftirlit | 1.500 | 1.500 | 1.500 |
| Viðhald húsa og tækja, efnisþ | 5.000 | 5.000 | 5.000 |
| Aðkeypt viðhaldsþjónusta | 1.000 | 1.000 | 1.000 |
| Rekstur bifr og tækja | 1.800 | 1.800 | 1.800 |
| Annar framleiðslukostnaður (þar af afgjald af orkurétti) | 2.120 | 2.145 | 2.170 |
| | 11.420 | 11.445 | 11.470 |
| Skrifstofu og stjórnunarkostn o fl: | | | |
| Laun og annar skrifst kostn | 5.900 | 5.900 | 5.900 |
| Fasteignaskattar aðstöðugj og tryggingar | 2.000 | 2.000 | 2.000 |
| Vextir af rekstrarfé 10% af 3 mán veltu | 2.140 | 2.260 | 2.420 |
| | 10.040 | 10.160 | 10.320 |
| Rekstrargjöld samtals án afskr og fjármagnsk | 40.000 | 40.145 | 40.330 |
| TEKJUR UMFRAM GJÖLD | 45.621 | 50.307 | 56.299 |

ætla að verð á salti sé nú að teknu tilliti til verðlagsbreytinga nokkru hærra en fram kemur í áætlun hönnunarstjóra.

Stofnkostnað fyrri ára má í aðalatriðum greina í tvennt, þ. e. stofnkostnað orkuvirkisins annars vegar og hins vegar stofnkostnað vegna efnavinnsluþáttarins. Má ætla að stofnkostnaður orkuvirkis nemi um ⅓ þess heildarstofnkostnaðar sem lagt hefur verið í til þessa.

Í þeim áætlunum sem gerðar hafa verið er leitazt við að meta hvort viðbótarfjárfesting á vegum félagsins komi til með að skila arðsemi í rekstri. Með þessu er gefin sú forsenda að stofnkostnaður efnavinnsluþáttarins tapist sé tekin ákvörðun um að hætta frekari uppbyggingu Sjóefnavinnslunnar hf. Hins vegar er talið að stofnkostnaður orkuvirkis komi til með að nýtast annaðhvort með sölu þess eða í rekstri.

Arðsemisútreikningar eru gerðir með vísan til þessara forsendna og er stofnkostnaður í útreikningum því talinn nema áætluðum stofnkostnaði orkuvirkis að viðbættum áætluðum kostnaði vegna viðbótarframkvæmda.

Gerð hefur verið áætlun um arðsemi. Er miðað við tvenns konar möguleika viðbótarfjárfestingar en þeir eru þessir:

- 26 000 tonna saltverksmiðja.
- 26 000 tonna saltverksmiðja með klórvítissódadeild og brómvinnslubúnaði.

Áætlanir um framkvæmdakostnað sem gerðar hafa verið af hönnunarstjóra greinast sem hér segir:

| | 26 000 tonn án klórvítissódadeildar | 26 000 tonn ásamt klórvítissódadeild |
|---|---|---|
| Framkvæmdir 1985 | 19 600 | 19 600 |
| Framkvæmdir 1986 | 33 700 | 33 700 |
| Framkvæmdir 1987 | 163 000 | 163 000 |
| Framkvæmdir 1988 | 0 | 125 000 |
| Beinn framkvæmdakostnaður | 216 300 | 341 300 |
| Rekstrartap án afskrifta og fjármagnskostnaðar á byggingartíma | 4 600 | 4 600 |
| Vextir af fjárfestingu til ársins 1988 | 25 366 | 25 366 |
| Samtals án orkuvirkis | 246 266 | 371 266 |
| Stofnkostnaður orkuvirkis | 85 100 | 85 100 |
| Stofnkostnaður skv. áætlun | 331 366 | 456 366 |

Innri vextir (arðsemi) fyrir skatta samkvæmt áætlunum 26 000 tonna verksmiðju með og án klórvítisódadeildar greinast sem hér segir:

| | Án klórvítissóda % | Með klórvítissóda % |
|---|---|---|
| Tekjur samkvæmt mati hönnunarstjóra | 9,23 | 8,44 |
| Hækkun tekna um 10% | 11,74 | 11,02 |
| Hækkun tekna um 20% | 14,04 | 13,37 |
| Hækkun tekna um 30% | 16,17 | 15,55 |

SJÓEFNAVINNSLAN HF.

## R E K S T R A R Á Æ T L U N  Á  V E R Ð L A G I  Í  J A N Ú A R  1 9 8 5

| | 2000 tonn<br>000 | 4000 tonn<br>000 | 8000 tonn<br>000 |
|---|---|---|---|
| **REKSTRARTEKJUR:** | | | |
| Saltsala | 4.600 | 9.200 | 18.400 |
| Seld jarðgufa | 525 | 525 | 525 |
| Rekstrartekjur samtals | 5.125 | 9.725 | 18.925 |
| **REKSTRARGJÖLD:** | | | |
| Hráefni: | | | |
| Vítissódi | 150 | 300 | 600 |
| Saltsýra | 65 | 130 | 260 |
| | 215 | 430 | 860 |
| Laun og launatengd gjöld: | | | |
| Efnaverkfræðingur | 0 | 800 | 800 |
| Verkstjóri | 780 | 780 | 780 |
| 8. vaktmenn | 3.840 | 3.840 | 3.840 |
| 2-3 eftirlits- og lagermenn | 1.080 | 1.620 | 1.620 |
| Matreiðslumaður | 480 | 480 | 480 |
| | 6.180 | 7.520 | 7.520 |
| Launatengd gjöld | 1.236 | 1.504 | 1.504 |
| Matarkostnaður | 1.130 | 1.320 | 1.320 |
| | 8.546 | 10.344 | 10.344 |
| Annar framleiðslukostnaður: | | | |
| Umbúðir | 560 | 1.125 | 2.250 |
| Vararaforka | 120 | 120 | 120 |
| Rannsóknir | 200 | 200 | 200 |
| Viðhald húsa og tækja | 1.000 | 1.000 | 1.000 |
| Rekstur bifreiða og véla | 1.020 | 1.020 | 1.020 |
| Annar framleiðslukostnaður | 600 | 800 | 1.000 |
| | 3.500 | 4.265 | 5.590 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður: | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 1.920 | 1.920 | 1.920 |
| Annar skrifstofukostnaður | 1.800 | 1.800 | 1.800 |
| | 3.720 | 3.720 | 3.720 |
| Rekstrargjöld samtals án afskrifta og fjármagnskostnaðar | 15.981 | 18.759 | 20.514 |
| GJÖLD UMFRAM TEKJUR | ( 10.856) | ( 9.034) | ( 1.589) |

Það skal hér endurtekið að arðsemi samkvæmt framansögðu miðast við þá viðbótarfjárfestingu, sem talin er nauðsynleg til að ljúka hverjum áfanga, auk þess sem áætlaður stofnkostnaður orkuvirkis er innifalinn í stofnkostnaðarfjárhæðum.

Verður að telja að þær niðurstöður, sem fram hafa komið um arðsemi 26 000 tonna áfanga án klórvítissódadeildar, séu eftir atvikum viðunandi sé miðað við arðsemisáætlun 40 000 tonna saltverksmiðju þó svo að arðsemi samkvæmt áætlunum sé þar um 1% lægri. Viðbótarfjárfesting vegna byggingar 26 000 tonna verksmiðju án klórvítissódadeildar mun vera 55—60% heildarfjárfestingar 40 000 tonna verksmiðju.

Verði unnt að auka tekjur fyrirtækisins um 20—30% og ef áætlanir að öðru leyti standast gagnvart fjárfestingarkostnaði svo og rekstrargjöldum verður ekki annað séð en að fyrirtækið geti endurgreitt a. m. k. hluta stofnkostnaðar 8000 tonna áfangans sem þegar hefur verið lagt í.

**Markaðsmál.**

Eftir setningu laga nr. 62/1981 um Sjóefnavinnsluna hf. var ákveðið að í byrjun skyldi framleiðsla miðast við 8000 t salts á ári. Enn er ekki til staðar nægur búnaður til þess. Salt hefur verið framleitt í einni pönnu frá árinu 1983 og hafa verið framleidd alls um 2400 t. Þetta salt hefur að stærstum hluta farið til fisksöltunar eins og til stóð, en 8000 t áfanganum var ætlað að öðlast reynslu á markaðsfærslu og áhrifum íslenzka saltsins á ýmsar afurðir. Fjölmargar tilraunir hafa verið gerðar og það sem virðist gera íslenzka saltið eftirsóknarvert er m. a.:

1. Saltið er roðagerlasnautt.
2. Gefur stífara fiskhold — minna los.
3. Blæfallegri fiskur — ljósari.
4. Niðurstöður virðast einnig gefa til kynna að betri vigt náist með notkun þess.

Áðurgreindir eiginleikar eru taldir gefa verðmætisaukningu er nemur nokkrum prósentum í útflutningsverðmætum vegna uppflokkunaráhrifa. Ekki hefur reynzt unnt að fylgja eftir afurðum söltuðum með Reykjanessalti á erlendum mörkuðum m. a. til þess að athuga hvort roðagerlasneydd saltsins hefur áhrif á geymslu afurða þar.

Ókostur hefur verið talinn af mörgum að saltið hefur verið fínkornóttara en innflutt salt. Er talið að ráðin hafi verið þar bót á, en eigi er það fullreynt. Til þess þarf búnað í a. m. k. pönnu nr. 2.

Saltið hefur verið notað til síldarsöltunar í allmiklu magni og gefizt mjög vel, m. a. vegna þess að það er léttara í sér og saltendur hafa þannig úr meira umfangi að spila í hverja tunnu, en saltskammtar hafa verið minnkaðir mjög mikið að kröfu kaupenda undanfarin ár. Til síldarsöltunar hæfir kornastærðin nú mjög vel. Þá hefur saltið verið notað til gærusöltunar, virðist uppflokkunaráhrifa gæta í mati þar.

Engar sérstakar markaðsathuganir hafa farið fram varðandi efnin kalsíumklóríð, kalí, bróm o. fl. frá því er síðasta skýrsla var gerð og ekki er kunnugt um breytingar á markaðsforsendum varðandi nefnd efni, sem þá voru taldar eðlilegar.

**Niðurstöður.**

Eins og fram hefur komið hér að framan er nokkur óvissa um þau atriði sem notuð eru til grundvallar áætlunum um arðsemi fyrirtækisins. Kemur hún helzt fram gagnvart eftirtöldum liðum:

- Tekjur eru miðaðar við mat á söluverði afurða að frádregnum umbúðakostnaði og flutningskostnaði. Mat á söluverði afurða er gert með hliðsjón af áætluðu markaðsverði hliðstæðrar vöru. Tveir þættir eru sérstaklega taldir geta haft áhrif á tekjur samkvæmt áætlunum en veruleg óvissa er um stærð þeirra.
- Verð á salti frá verksmiðjunni er miðað við verð á innfluttu salti eins og það var seinni hluta sumars 1984. Er verð samkvæmt áætlunum nokkru lægra en skilaverð til verksmiðjunnar í dag þar sem saltverð hefur frá þeim tíma hækkað meira en almennt verðlag.
- Hugsanlegt er, að unnt verði að selja Reykjanessalt á hærra verði en innflutt salt vegna sérstakra eiginleika þess.
- Ekki er gert ráð fyrir tekjum vegna sölu á gufu og/eða affallsvarma en fyrirtækið er talið geta selt umtalsverða orku. Kaupendur eru þegar fyrir hendi en óvissa er um verð.
- Rekstrargjöld verksmiðjunnar hafa verið áætluð bæði af Iðntæknistofnun svo og af hönnunarstjóra og eru niðurstöður beggja mjög ámóta. Hins vegar verður að koma fram að óvissa hlýtur að vera um þennan lið af eðlilegum ástæðum.
- Þrátt fyrir þær athuganir sem að undanförnu hafa verið gerðar á arðsemi 40 000 tonna verksmiðju og 26 000 tonna verksmiðju er ljóst að ákvörðun um byggingu slíkra mannvirkja verður ekki tekin fyrr en reynsla fæst á 8000 tonna áfangann. Talið er nauðsynlegt að afla reynslu bæði gagnvart framleiðslunni sem slíkri og ekki síður gagnvart markaðsmálum og þá helzt niðurstöðum gæðaprófana og þeim möguleikum sem fyrirtækið hefði til þess að auka verðmæti framleiðslu sinnar vegna gæða.

Sú umræða sem farið hefur fram að undanförnu hefur í aðalatriðum beinzt að tveimur kostum, þ. e.:

- Að stöðva frekari uppbyggingu fyrirtækisins og selja orkuvirkið. Leiðir sú ákvörðun til rekstrarstöðvunar strax.
- Að halda áfram uppbyggingu og ljúka 8000 tonna áfanga verksmiðjunnar.

Sé ákveðið að hætta rekstri fyrirtækisins er talið að stofnkostnaður efnavinnsluþáttarins glatist auk þess sem ætla má að greiða þurfi árlega kostnað vegna eftirlits og viðhalds eigna. Talið er að árlegur kostnaður þess vegna nemi 6—8 millj. kr. Rétt er að benda á að í 7. gr. samnings um orkuréttindi fyrirtækisins er svofellt ákvæði: „Verði rekstri verksmiðjunnar hætt fyrir fullt og allt á samningstímabilinu er samningurinn allur úr gildi fallinn".

Til þess að ljúka 8000 tonna áfanga verksmiðjunnar er viðbótarfjárfesting að fjárhæð um 40 millj. kr. nauðsynleg auk þess sem breytilegur kostnaður á árinu 1985 er talinn verða um 10 millj. kr. hærri en rekstrartekjur. Eftir að 8000 tonna framleiðslu er náð er talið að rekstrartekjur nemi um 90% rekstrargjalda án fjármagnskostnaðar og afskrifta. Með áframhaldandi rekstri fást viðbótarupplýsingar um markaðsmál fyrirtækisins sem gætu leitt til þess að stækkun umfram 8000 tonna verksmiðju yrði í framtíðinni arðbær fjárfesting. Séu niðurstöður hins vegar neikvæðar mun kostnaður vegna viðbótarfjárfestingar að öllum líkindum tapast.




ARÐSEMI SJÓEFNAVINNSLU
SAMKV. TÖLVUFORRITUM
B.L. 30.1.'85

| | 1985 | 1986 | 1987 | 1988 | 1989 | 1990 | 1991 | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Netto hagnaður | 0 | 0 | 0 | -50207 | -28534 | -14586 | -12338 | -9856 | 1589 | 4475 | 26397 | 48697 | 49615 | 38289 | 38927 | 39563 | 40210 | 40867 |
| FJARSTREYMI | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| ---------- | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Rekstrarafk.-gr.tekjusk.- utborgun arðs (5%) = Fjarstreymi e. sk. | 0 | 0 | 0 | 23919 | 45484 | 58024 | 58028 | 58131 | 58236 | 58436 | 58545 | 58854 | 52340 | 50567 | 37103 | 37739 | 38392 | 39055 |
| Afborganir stofnlana | 0 | 0 | 0 | 1787 | 23459 | 37407 | 39655 | 42137 | 44771 | 47656 | 50625 | 53972 | 27397 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Vextir af stofnlanum | 0 | 0 | 0 | 22132 | 22025 | 20617 | 18373 | 15994 | 13465 | 10779 | 7920 | 4882 | 1644 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Netto fjarstreymi | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 23299 | 50567 | 37103 | 37739 | 38392 | 39055 |
| Uppsafnað fjarstr. | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 23299 | 73865 | 110969 | 148708 | 187100 | 226155 |
| STOFNLAN | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| -------- | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Utborgun | 121198 | 121198 | 126472 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Afborganir | 0 | 0 | 0 | 1787 | 23459 | 37407 | 39655 | 42137 | 44771 | 47656 | 50625 | 53972 | 27397 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Eftirstöðvar | 121198 | 242396 | 368868 | 367081 | 343622 | 306215 | 266559 | 224422 | 179651 | 131994 | 81369 | 27397 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Vextir | 0 | 7272 | 14544 | 22132 | 22025 | 20617 | 18373 | 15994 | 13465 | 10779 | 7920 | 4882 | 1644 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Lantökukostn. | 2424 | 2424 | 2529 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| UPPSÖFNUÐ FJARFESTING OG AFSKRIFAÐ VERÐGILDI | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| ------------------- | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Byggingar | 43297 | 86594 | 131877 | 126601 | 121326 | 116051 | 110776 | 105501 | 100226 | 94951 | 89676 | 84401 | 79126 | 73851 | 68576 | 63301 | 58026 | 52751 |
| Velar | 75771 | 151542 | 230786 | 203092 | 175398 | 147703 | 120009 | 92315 | 64620 | 36926 | 23079 | 23079 | 23079 | 23079 | 23079 | 23079 | 23079 | 23079 |
| Orkuver | 28083 | 56166 | 85100 | 74888 | 64676 | 54464 | 44252 | 34040 | 23828 | 13616 | 8510 | 8510 | 8510 | 8510 | 8510 | 8510 | 8510 | 8510 |
| Annar stofnk. | 12022 | 24044 | 36683 | 29346 | 22010 | 14673 | 7337 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Lantaka | 2424 | 4848 | 7377 | 5902 | 4426 | 2951 | 1475 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Stofnk stuðull | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Upps fjarfesting | 161597 | 323194 | 491823 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Afskr 8000 t afangi | 69389 | 69389 | 69389 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Upps afskr 8000 t | 69389 | 138778 | 208167 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Fjarfesting a ari | 161597 | 161597 | 168629 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| AFSKRIFTIR | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| ---------- | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Afskr. bygg. | 0 | 0 | 0 | 5275 | 5275 | 5275 | 5275 | 5275 | 5275 | 5275 | 5275 | 5275 | 5275 | 5275 | 5275 | 5275 | 5275 | 5275 |
| Afskr. vela | 0 | 0 | 0 | 27694 | 27694 | 27694 | 27694 | 27694 | 27694 | 27694 | 13847 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Afskr. orkuvers | 0 | 0 | 0 | 10212 | 10212 | 10212 | 10212 | 10212 | 10212 | 10212 | 5106 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Afskr. annað | 0 | 0 | 0 | 7337 | 7337 | 7337 | 7337 | 7337 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Afskr. lant.k. | 0 | 0 | 0 | 1475 | 1475 | 1475 | 1475 | 1475 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Afskriftir alls | 0 | 0 | 0 | 51994 | 51994 | 51994 | 51994 | 51994 | 43181 | 43181 | 24228 | 5275 | 5275 | 5275 | 5275 | 5275 | 5275 | 5275 |
| Hlutafe | 40399 | 40399 | 42157 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hrakvirði | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 84339 |
| ARÐSEMI | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| ------- | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Innri vextir : | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| fyrir skatta | | | | | | | | | | | | | .0131 | .0274 | .0390 | .0486 | .0565 | .0707 |
| eftir skatta | | | | | | | | | | | | | .0111 | .0234 | .0310 | .0376 | .0434 | .0580 |
| af hlutafe | | | | | | | | | | | | | | | | .0152 | .0327 | .0676 |

Tilvik B, jan 1985
REKSTRARÆTLUN (000IKR)

| | 1985 | 1986 | 1987 | 1988 | 1989 | 1990 | 1991 | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 0 | 0 | 0 | 64600 | 85600 | 90400 | 96600 | 99400 | 99400 | 101200 | 101200 | 101200 | 101200 | 101200 | 101200 | 101200 | 101200 | 101200 |
| Varmasala | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Vaxtatekjur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 881.0 | 2755 | 4686 | 6678 | 8730 | 10847 | 13029 |
| Tekjur | 0 | 0 | 0 | 64600 | 85600 | 90400 | 96600 | 99400 | 99400 | 101200 | 101200 | 102081 | 103955 | 105886 | 107878 | 109930 | 112047 | 114229 |
| Kostnaður | 0 | 0 | 0 | 27600 | 40000 | 40100 | 41300 | 41400 | 41400 | 41500 | 41500 | 41500 | 41500 | 41500 | 41500 | 41500 | 41500 | 41500 |
| Rekstrarafkoma | 0 | 0 | 0 | 37000 | 45600 | 50300 | 55300 | 58000 | 58000 | 59700 | 59700 | 60581 | 62455 | 64386 | 66378 | 68430 | 70547 | 72729 |
| Fjarmagnskostn stofnlana | 0 | 0 | 0 | 19599 | 19492 | 17926 | 15983 | 13625 | 10962 | 8140 | 5046 | 1767 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Afskriftir | 0 | 0 | 0 | 22102 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 |
| Hagnaður f. skatta | 0 | 0 | 0 | -4701 | -4332 | 1934 | 8877 | 13936 | 16598 | 21121 | 24214 | 28375 | 32015 | 33947 | 35938 | 37991 | 40107 | 42289 |
| Tekjuskattstofn | 0 | 0 | 0 | -4701 | -9033 | -7099 | 1778 | 13936 | 16598 | 21121 | 24214 | 28375 | 32015 | 33947 | 35938 | 37991 | 40107 | 42289 |
| Utborgun arðs | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Eignaskattstofn | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 444.6 | 3929 | 8078 | 13358 | 19412 | 26506 | 34509 | 42996 | 51981 | 61478 | 71505 | 82077 |
| Tekjuskattur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Netto hagnaður | 0 | 0 | 0 | -4701 | -4332 | 1934 | 8877 | 13936 | 16598 | 21121 | 24214 | 28375 | 32015 | 33947 | 35938 | 37991 | 40107 | 42289 |
| FJARSTREYMI | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Rekstrarafk.-gr.tekjusk.= Fjarstreymi e. sk. | 0 | 0 | 0 | 37000 | 45600 | 50300 | 55300 | 58000 | 58000 | 59700 | 59700 | 60581 | 62455 | 64386 | 66378 | 68430 | 70547 | 72729 |
| Afborganir stofnlana | 0 | 0 | 0 | 17401 | 26108 | 32374 | 39317 | 44375 | 47038 | 51560 | 54654 | 29447 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Fjarmagnskostn af stofnl | 0 | 0 | 0 | 19599 | 19492 | 17926 | 15983 | 13625 | 10962 | 8140 | 5046 | 1767 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Netto fjarstreymi | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 29367 | 62455 | 64386 | 66378 | 68430 | 70547 | 72729 |
| Uppsafnað fjarstr. | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 29367 | 91822 | 156208 | 222585 | 291016 | 361563 | 434291 |
| STOFNLAN | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Utborgun | 87868 | 30524 | 130133 | 93750 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Afborganir | 0 | 0 | 0 | 17401 | 26108 | 32374 | 39317 | 44375 | 47038 | 51560 | 54654 | 29447 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Eftirstöðvar | 87868 | 118392 | 248524 | 324873 | 298766 | 266392 | 227075 | 182700 | 135662 | 84101 | 29447 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Vextir | 4551 | 6188 | 11007 | 17724 | 19492 | 17926 | 15983 | 13625 | 10962 | 8140 | 5046 | 1767 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Lantökukostn. | 406.5 | 610.5 | 2603 | 1875 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Fjarmagnskostn | 4957 | 6798 | 13610 | 19599 | 19492 | 17926 | 15983 | 13625 | 10962 | 8140 | 5046 | 1767 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| UPPSÖFNUÐ FJARFESTING OG AFSKRIFAÐ VERÐGILDI | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Stofnkostnaður | 112200 | 33900 | 159900 | 125000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Fjarfesting a ari | 117157 | 40698 | 173510 | 125000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Upps fjarfesting | 117157 | 157856 | 331366 | 456366 | 456366 | 456366 | 456366 | 456366 | 456366 | 456366 | 456366 | 456366 | 456366 | 456366 | 456366 | 456366 | 456366 | 456366 |
| Afskr verðgildi | 117157 | 157856 | 331366 | 434264 | 403824 | 373384 | 342945 | 312505 | 282066 | 251626 | 221186 | 190747 | 160307 | 129868 | 99428 | 68988 | 38549 | 8109 |
| AFSKRIFTIR | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Vegin afskrpros | 0 | 0 | 0 | .0667 | .0667 | .0667 | .0667 | .0667 | .0667 | .0667 | .0667 | .0667 | .0667 | .0667 | .0667 | .0667 | .0667 | .0667 |
| Afskriftir alls | 0 | 0 | 0 | 22102 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 | 30440 |
| Hlutafe | 29289 | 10175 | 43378 | 31250 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Upps hlutafe | 29289 | 39464 | 82841 | 114091 | 114091 | 114091 | 114091 | 114091 | 114091 | 114091 | 114091 | 114091 | 114091 | 114091 | 114091 | 114091 | 114091 | 114091 |
| Hrakvirði | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 8109 |
| ARÐSEMI | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Innri vextir : | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| fyrir skatta | | | | | | | | | | | | .0106 | .0301 | .0456 | .0581 | .0683 | .0767 | .0844 |
| eftir skatta | | | | | | | | | | | | .0106 | .0301 | .0456 | .0581 | .0683 | .0767 | .0844 |
| af hlutafe | | | | | | | | | | | | | | .0302 | .0621 | .0841 | .1002 | .1136 |
| Nuvirði mv 0 % | -117157 | -157856 | -331366 | -419366 | -373766 | -323466 | -268166 | -210166 | -152166 | -92466 | -32766 | 27815 | 90270 | 154656 | 221034 | 289464 | 360011 | 440649 |
| Nuvirði mv 6 % | -117157 | -155552 | -309975 | -385620 | -351545 | -316086 | -279308 | -242918 | -208588 | -175252 | -143803 | -113696 | -84415 | -55936 | -28239 | -1302 | 24897 | 53218 |
| Nuvirði mv 12 % | -117157 | -153495 | -291816 | -357275 | -331400 | -305916 | -280901 | -257476 | -236561 | -217339 | -200177 | -184627 | -170314 | -157139 | -145012 | -133850 | -123575 | -113063 |